

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Smiðju
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 6. október 2025
Mál nr. 2509107 U.V.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála (stefnumörkun) 105. mál.

Á 1257. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 6. október 2025 var umsagnarbeiðni um um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála (stefnumörkun) 105. mál tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Málið var lagt fram á 156. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Byggðarráð veitti umsögn um málið á 1243. fundi sínum þann 28. apríl 2025 þar sem gerð var athugasemd við að með frumvarpinu yrði lögð fram ein innviðastefna fyrir öll málefnasvið ráðuneytisins. Í því frumvarpi sem nú er lagt fram er horfið frá þeim áformum. Byggðarráð fagnar þeirri breytingu. Í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum er hins vegar gerð sú breyting á 4. gr. að í stað þess að skipa skuli þrjú stefnuráð skipi ráðherra „stefnuráð, eitt eða fleiri“. Með því er opnað á þann möguleika að þrátt fyrir að stefnur séu lagðar fram á hverju málefnasviði sé aðeins eitt ráð sem ber ábyrgð á undirbúningi og vinnu við þær allar. Byggðarráð gerir athugasemd við þá breytingu. Málefnasvið samgöngu-, byggðamála og fjarskipta er afar breitt sem getur komið niður á gæðum vinnunnar sökum skorts á sérþekkingu. Auk þess yrði vinnan afar viðamikil. Í skýringum með frumvarpsdrögum eru megin rökin með einu stefnuráði m.a. tilgreind aukin samhæfing í stefnumörkun á málefnasviðum ráðuneytisins. Samhæfingu má að mati byggðarráðs auðveldlega ná fram með öðrum leiðum en að fela einu þriggja manna ráði ábyrgð á vinnu við allar stefnur á málefnasviði ráðuneytisins. Byggðarráð Húnaþings vestra leggur því til að horfið verði frá þeim áformum að skipað verði eitt stefnuráð.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.